# Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga

## Ársreikningur

# 2006

Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga
Vegmúla 2
108 Reykjavík
Kt. 491098-2529

# Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga

Ársreikningur

# 2006

**Efnisyfirlit**


| | |
|---|---|
| Áritun endurskoðenda | 2 |
| Skýrsla stjórnar | 3 |
| Yfirlit um breytingu á hreinni eign | 5 |
| Efnahagsreikningur | 6 |
| Sjóðstreymi | 7 |
| Sérgreint yfirlit um séreignardeild | 8 |
| Skýringar | 9-16 |
| Kennitölur | 17-20 |

# Áritun endurskoðenda

**Til stjórnar og sjóðfélaga Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga.**

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga fyrir árið 2006. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

**Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum**

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög og reglur um ársreikninga. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

**Ábyrgð endurskoðenda**

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits lífeyrissjóðsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sjóðsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

**Álit**

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af breytingu á hreinni eign lífeyrissjóðsins á árinu 2006, efnahag hans 31. desember 2006 og breytingu á handbæru fé á árinu 2006 í samræmi við lög og reglur um ársreikninga.

Reykjavík, 24. apríl 2007.

**Deloitte hf.**

Knútur Þórhallsson
endurskoðandi

# Skýrsla stjórnar

### Iðgjöld
Fjöldi einstaklinga sem áunnu sér réttindi í samtryggingardeildum sjóðsins (A og V deildir) á árinu 2006 voru 13.252 í A deild og 6.370 í V deild. Samsvarandi tölur fyrir árið 2005 eru 13.009 og 4.808. Að meðaltali greiddu 8.118 einstaklingar iðgjöld í A deild á mánuði og 2.233 í V deild. Iðgjöld í A deild námu kr. 3.084 m. kr og jukust um 22%. Iðgjöld í V deild námu 450 m.kr og jukust þau um 68%.

Í árslok 2006 var 1.201 einstaklingur með samning um séreignasparnað (S deild) og hafði þeim fjölgað um 46 frá ársbyrjun. Iðgjöld í S deild námu 114 m.kr. og er það aukning um 26% frá fyrra ári.

### Lífeyrir
Lífeyrir í A og V deildum nam 223 m.kr. á árinu 2006 og hækkaði um 41% á milli ára. Að meðaltali fengu 646 einstaklingar lífeyri á mánuði í A deild en 73 í V deild eða samtals 719 í samtryggingardeildum, samanborið við 552 árið 2005. Fjölgun einstaklinga sem fá lífeyri er þannig 167.

### Fjárfestingar og ávöxtun
Sjóðurinn ráðstafaði 6.821 m.kr. til lánveitinga og verðbréfakaupa. Til sjóðfélaga voru veitt 240 lán samtals að fjárhæð 951 m.kr. eða 14% af fjárfestingum sjóðsins. Veðlán hafa lækkað lítillega milli ára þrátt fyrir að lántakendur voru nokkuð fleiri. Fjárfestingar skiptust þannig: verðbréf með föstum tekjum 2.882 m.kr. eða 42%, verðbréf með breytilegum tekjum 2.580 m.kr. eða 38%, veðskuldabréf 1.247 m.kr. eða 18% og innborganir á bundnar bankainnistæður 111 m.kr. eða 2%. Samsetning fjárfestinga er með þeim hætti að 75% er í íslenskum krónum og 25% í öðrum gjaldmiðlum og hefur þá ekki verið tekið tillit til gjaldeyrisvarna.

Ávöxtun einstakra flokka í eignasafni sjóðsins var mismunandi en í heild hækkuðu allflestir eignaflokkar í verði. Innlend hlutabréf voru með góða ávöxtun á árinu 2006 og hækkaði Úrvalsvísitalan um 15,8%. Erlendir hlutabréfamarkaðir hækkuðu allflestir og því til viðbótar veiktist krónan um 23% á árinu sem gerði það að verkum að ávöxtun umreiknuð í íslenskar krónur var með ágætum. Ávöxtun á skuldabréfamarkaði var góð en ávöxtunarkrafan hækkaði þar verulega á síðari hluta ársins.

Nafnávöxtun sjóðsins í heild var 15,1% og hrein raunávöxtun 7,6%. Sambærilegar tölur fyrir árið 2005 eru 11,5% nafnávöxtun og 7% raunávöxtun. Í kennitölum meðfylgjandi ársreikningi er að finna upplýsingar um ávöxtun einstakra deilda.

### Lífeyrisgreiðslur, ráðstöfunarfé og hrein eign til greiðslu lífeyris
Lífeyrisgreiðslur námu alls 237 m.kr. og ráðstöfunarfé 6.821 m.kr. Hrein eign til greiðslu lífeyris nam í árslok 22.142 m.kr. í sameignardeildum og 727 m.kr. í þremur leiðum séreignardeildar.

### Rekstur
Á árinu 2006 nam rekstrarkostnaður sem hlutfall af hreinni eign í árslok 0,2%, samanborið við 0,3% árið 2005. Starfsmenn sjóðsins í árslok voru 6 talsins í 5,8 stöðugildum. Tveir starfsmenn höfðu hætt á árinu og var ekki búið að ráða í stað þeirra fyrir árslok. Á árinu var tekið í notkun nýtt iðgjaldakerfi og var nokkur kostnaður því samfara. Sjóðurinn hefur með höndum rekstur Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar, Lífeyrissjóðs starfsmanna Húsavíkurkaupstaðar og Lífeyrissjóðs Neskaupstaðar. Í árslok var undirritaður samningur við Akraneskaupstað um að LSS tæki við rekstri Lífeyrissjóðs Akraneskaupstaðar frá áramótum.

### Tryggingafræðileg athugun
Samkvæmt athugun Bjarna Guðmundssonar tryggingastærðfræðings sjóðsins á áunnum lífeyrisréttindum sjóðfélaga miðað við árslok 2006 nam áfallin skuldbinding lífeyrissjóðsins 20.689 m.kr. Mismunur á hreinni eign og áföllnum skuldbindingum nemur fyrir A deild 2.120 m.kr. eða 11,2% sem hlutfall skuldbindinga og fyrir V deild 201 m.kr. eða 11,3% sem hlutfall skuldbindinga. Í skýringum með ársreikningi er að finna frekari upplýsingar um tryggingafræðilega stöðu sjóðsins.

# Skýrsla stjórnar

Að áliti stjórnar og framkvæmdastjóra Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á breytingu á hreinni eign lífeyrissjóðsins á árinu 2006, efnahag hans 31. desember 2006 og breytingu á handbæru fé á árinu 2006.

Stjórn og framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2006 með undirritun sinni.

Reykjavík, 24. apríl 2007.

## Í stjórn

Karl Björnsson
stjórnarformaður

Halldóra Friðjónsdóttir

Gunnar Rafn Sigurbjörnsson

Kristbjörg Stepensen

Elín Björg Jónsdóttir

Garðar Hilmarsson

## Framkvæmdastjóri

Jón G. Kristjánsson

# Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris 2006

| | Skýr. | A deild | V deild | S deild | Samtals 2006 | Samtals 2005 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Iðgjöld** | | | | | | |
| Iðgjöld sjóðfélaga | | 793.386.364 | 150.305.258 | 76.078.642 | 1.019.770.264 | 803.507.239 |
| Iðgjöld launagreiðenda | | 2.281.887.664 | 347.199.343 | 45.161.383 | 2.674.248.390 | 2.092.630.553 |
| Réttindaflutningur og endurgreiðslur | | 8.667.978 | (47.284.991) | (87.341) | (38.704.354) | (5.979.606) |
| Sérstök aukaframlög | | 0 | 0 | (7.219.222) | (7.219.222) | (2.091.396) |
| | | 3.083.942.006 | 450.219.610 | 113.933.462 | 3.648.095.078 | 2.888.066.790 |
| **Lífeyrir** | | | | | | |
| Lífeyrir | 3 | (210.845.716) | (4.957.377) | (14.489.064) | (230.292.157) | (165.806.634) |
| Annar beinn kostnaður vegna örorkulífeyris | | (6.369.357) | (597.929) | 0 | (6.967.286) | (1.110.086) |
| | | (217.215.073) | (5.555.306) | (14.489.064) | (237.259.443) | (166.916.720) |
| **Fjárfestingartekjur** | | | | | | |
| Tekjur af eignarhlutum | 4 | 236.705.494 | 22.220.943 | 2.411.508 | 261.337.945 | 304.832.364 |
| Vaxtatekjur og gengismunur | 4 | 2.283.240.843 | 214.341.310 | 98.179.289 | 2.595.761.443 | 1.354.739.731 |
| | | 2.519.946.337 | 236.562.254 | 100.590.797 | 2.857.099.388 | 1.659.572.095 |
| **Fjárfestingargjöld** | | | | | | |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | 10 | (9.692.407) | (909.884) | 0 | (10.602.291) | (8.493.926) |
| Önnur fjárfestingargjöld | | (16.504.673) | (1.549.390) | (1.739.751) | (19.793.814) | (26.276.962) |
| | | (26.197.080) | (2.459.274) | (1.739.751) | (30.396.105) | (34.770.888) |
| **Rekstrarkostnaður** | | | | | | |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | 10 | (43.880.045) | (4.119.279) | (300.000) | (48.299.324) | (48.132.248) |
| Hækkun á hreinni eign á árinu | | 5.316.596.145 | 674.648.005 | 197.995.444 | 6.189.239.594 | 4.297.819.029 |
| Hrein eign frá fyrra ári | | 14.925.337.044 | 1.225.581.879 | 529.085.022 | 16.680.003.945 | 12.382.184.917 |
| Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris | | 20.241.933.189 | 1.900.229.884 | 727.080.466 | 22.869.243.539 | 16.680.003.946 |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2006

| | Skýr. | A deild | V deild | S deild | Samtals 31.12.2006 | Samtals 31.12.2005 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Fjárfestingar** | | | | | | |
| Verðbréf með breytilegum tekjum | 5 | 8.685.468.056 | 815.356.211 | 573.012.836 | 10.073.837.104 | 7.707.624.221 |
| Verðbréf með föstum tekjum | 6 | 7.175.860.440 | 673.640.424 | 103.433.970 | 7.952.934.834 | 5.233.872.865 |
| Veðlán | 7 | 3.123.444.069 | 293.216.152 | 0 | 3.416.660.221 | 2.442.240.306 |
| Bankainnistæður | | 865.456.914 | 81.245.555 | 49.321.228 | 996.023.697 | 884.777.031 |
| | | 19.850.229.480 | 1.863.458.342 | 725.768.034 | 22.439.455.856 | 16.268.514.423 |
| **Kröfur** | | | | | | |
| Kröfur á launagreiðendur | | 220.114.867 | 20.663.483 | 0 | 240.778.350 | 175.451.470 |
| Aðrar kröfur | | 596.247 | 55.973 | 1.072.842 | 1.725.062 | 24.508.952 |
| | | 220.711.114 | 20.719.457 | 1.072.842 | 242.503.412 | 199.960.422 |
| **Aðrar eignir** | | | | | | |
| Rekstrarfjármunir og aðrar efnislegar eignir | 11 | 5.567.876 | 522.689 | 0 | 6.090.565 | 8.020.614 |
| Sjóður og veltiinnlán | | 169.749.853 | 15.935.422 | 5.955.164 | 191.640.439 | 216.117.377 |
| | | 175.317.729 | 16.458.111 | 5.955.164 | 197.731.004 | 224.137.991 |
| **Eignir** | | 20.246.258.322 | 1.900.635.910 | 732.796.040 | 22.879.690.272 | 16.692.612.836 |
| **Viðskiptaskuldir** | | | | | | |
| Aðrar skuldir | | 4.325.133 | 406.026 | 5.715.574 | 10.446.733 | 12.608.890 |
| **Skuldir** | | 4.325.133 | 406.026 | 5.715.574 | 10.446.733 | 12.608.890 |
| Hrein eign til greiðslu lífeyris | | 20.241.933.189 | 1.900.229.884 | 727.080.466 | 22.869.243.539 | 16.680.003.946 |
| Mat á áunnum lífeyrisskuldbindingum | 13 | | | | | |

# Sjóðstreymi 2006

| | Skýr. | A deild | V deild | S deild | Samtals 2006 | Samtals 2005 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Inngreiðslur** | | | | | | |
| Iðgjöld | | 3.171.140.992 | 297.693.744 | 113.933.462 | 3.582.768.198 | 2.885.036.024 |
| Fjárfestingartekjur | | 570.137.674 | 53.522.193 | 9.842.751 | 633.502.617 | 1.180.627.799 |
| Afborganir verðbréfa | | 893.185.410 | 83.848.593 | 4.043.310 | 981.077.313 | 822.099.364 |
| Seld verðbréf með breytilegum tekjum | | 878.296.466 | 82.450.879 | 322.424.525 | 1.283.171.870 | 794.186.756 |
| Seld verðbréf með föstum tekjum | | 579.955.964 | 54.443.894 | 675.611 | 635.075.469 | 634.360.674 |
| Aðrar inngreiðslur | | (6.729.478) | (631.736) | 2.090.723 | (5.270.491) | 523.282 |
| | | 6.085.987.028 | 571.327.566 | 453.010.382 | 7.110.324.976 | 6.316.833.899 |
| **Útgreiðslur** | | | | | | |
| Lífeyrir | | (203.652.331) | (19.118.048) | (14.489.064) | (237.259.443) | (166.916.720) |
| Fjárfestingargjöld | | (26.197.079) | (2.459.275) | (1.852.348) | (30.508.702) | (34.498.603) |
| Rekstarkostnaður án afskrifta | | (42.115.632) | (3.953.643) | 0 | (46.069.275) | (42.502.634) |
| | | (271.965.042) | (25.530.966) | (16.341.412) | (313.837.420) | (243.917.957) |
| Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum og annarri fjárfestingu | | 5.814.021.985 | 545.796.601 | 436.668.970 | 6.796.487.556 | 6.072.915.942 |
| **Kaup á verðbréfum og önnur fjárfesting** | | | | | | |
| Kaup á verðbréfum með breytil. tekjum | | (1.995.639.320) | (187.342.456) | (397.300.781) | (2.580.282.557) | (2.755.129.156) |
| Kaup á verðbréfum með föstum tekjum | | (2.601.748.800) | (242.058.686) | (38.387.152) | (2.882.194.638) | (1.863.625.028) |
| Ný veðlán og útlán | 7 | (1.140.203.036) | (107.037.597) | 0 | (1.247.240.633) | (1.353.844.276) |
| Aðrar fjárfestingar | | 0 | 0 | 0 | 0 | (13.388.350) |
| Hækkun á bankainnistæðum | | (92.270.034) | (8.661.933) | (10.314.698) | (111.246.665) | (27.114.012) |
| | | (5.829.861.190) | (545.100.672) | (446.002.631) | (6.820.964.493) | (6.013.100.822) |
| Hækkun á sjóði og veltiinnlánum | | (15.839.205) | 695.928 | (9.333.661) | (24.476.938) | 59.815.120 |
| Sjóður og veltiinnlán frá fyrra ári | | 185.589.058 | 15.239.494 | 15.288.825 | 216.117.377 | 156.302.257 |
| Sjóður og veltiinnlán í árslok | | 169.749.853 | 15.935.422 | 5.955.164 | 191.640.439 | 216.117.377 |

# Sérgreint yfirlit um séreignardeild 2006

## Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris

| | Skýr. | Leið 1 | Leið 2 | Leið 3 | Samtals 2006 | Samtals 2005 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Iðgjöld | | 84.485.316 | 19.917.696 | 9.530.450 | 113.933.462 | 90.485.475 |
| Lífeyrir | 3 | (9.945.869) | (673.463) | (3.869.732) | (14.489.064) | (9.065.100) |
| Fjárfestingartekjur | 4 | 86.625.178 | 8.539.945 | 5.425.674 | 100.590.797 | 64.649.883 |
| Fjárfestingargjöld | | (1.514.885) | (224.866) | 0 | (1.739.751) | (833.505) |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | | (100.000) | (100.000) | (100.000) | (300.000) | 0 |
| Hækkun á hreinni eign á árinu | | 159.549.740 | 27.459.312 | 10.986.392 | 197.995.444 | 145.236.753 |
| Hrein eign frá fyrra ári | | 429.367.375 | 60.872.427 | 38.845.220 | 529.085.022 | 383.848.269 |
| Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris | | 588.917.115 | 88.331.739 | 49.831.612 | 727.080.466 | 529.085.022 |

## Efnahagsreikningur

| | | Leið 1 | Leið 2 | Leið 3 | Samtals 31.12.2006 | Samtals 31.12.2005 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Verðbréf með breytilegum tekjum | 5 | 485.852.810 | 87.160.026 | 0 | 573.012.836 | 412.195.130 |
| Verðbréf með föstum tekjum | 6 | 103.433.970 | 0 | 0 | 103.433.970 | 64.846.543 |
| Bankainnistæður | | 0 | 0 | 49.321.228 | 49.321.228 | 39.006.529 |
| Aðrar kröfur | | 537.251 | 107.115 | 428.476 | 1.072.842 | 935 |
| Sjóður og veltiinnlán | | 4.671.861 | 1.283.303 | 0 | 5.955.164 | 13.558.854 |
| Aðrar skuldir | | (5.578.777) | (218.707) | 81.910 | (5.715.574) | (522.969) |
| Hrein eign til greiðslu lífeyris | | 588.917.115 | 88.331.737 | 49.831.614 | 727.080.466 | 529.085.022 |

## Sjóðstreymi

| | Leið 1 | Leið 2 | Leið 3 | Samtals 2006 | Samtals 2005 |
|---|---|---|---|---|---|
| Inngreiðslur | 392.320.858 | 45.733.399 | 14.956.125 | 453.010.382 | 236.257.711 |
| Útgreiðslur | (10.715.231) | (984.754) | (4.641.427) | (16.341.412) | (7.966.023) |
| Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum | 381.605.627 | 44.748.645 | 10.314.698 | 436.668.970 | 228.291.688 |
| Kaup á verðbréfum og önnur fjárfesting | (392.043.262) | (43.644.671) | (10.314.698) | (446.002.631) | (217.513.965) |
| Hækkun á sjóði og veltiinnlánum | (10.437.635) | 1.103.974 | 0 | (9.333.661) | 10.777.723 |
| Sjóður og veltiinnlán frá fyra ári | 15.109.158 | 179.667 | 0 | 15.288.825 | 4.511.102 |
| Sjóður og veltiinnlán í árslok | 4.671.523 | 1.283.641 | 0 | 5.955.164 | 15.288.825 |

# Skýringar

## 1. Starfsemi

Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga starfar samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 og hefur til þess fullgilt starfsleyfi. Starfsemi sjóðsins felst í rekstri þriggja deilda. Annars vegar tveggja samtryggingadeilda, þ.e. A-deild sem veitir föst réttindi óháð aldri og V-deild sem veitir aldurstengd réttindi og býður sjóðfélögum sínum ýmsa valmöguleika í samtryggingu. Hins vegar séreignardeildar, þ.e. S-deild sem býður upp á þrjár leiðir í séreignarsparnaði.

Sjóðurinn veitir viðtöku iðgjaldi til greiðslu lífeyris vegna elli til æviloka, örorku eða andláts samkvæmt nánari ákvæðum áðurnefndra laga. Skylduaðild er að samtryggingadeildum sjóðsins og er kveðið á um iðgjald til hans í kjarasamningum aðildarfélaga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, Félags leikskólakennara og aðildarfélaga Bandalags háskólamanna við Launanefnd sveitarfélaga eða viðkomandi sveitarfélög. Stéttarfélögin sem aðild eiga að sjóðnum eru 44 talsins. Launamönnum félaganna ber að greiða 4% af heildarlaunum sínum til sjóðsins á móti 11,5% framlagi atvinnurekenda eða samtals 15,5%. Öðrum launamönnum sem ekki er skylt að greiða lágmarksiðgjöld til annars lífeyrissjóðs er einnig heimilt að greiða iðgjöld til V-deildar, en þar er lágmarksiðgjald 10%.

Með iðgjaldagreiðslum til öflunar lífeyrisréttinda í sameign ávinnur sjóðfélagi sér, maka sínum og börnum, eftir því sem við á, rétt til elli-, örorku-, maka- og barnalífeyris. Réttur til töku ellilífeyris hefst þegar sjóðfélagi er orðinn 65 ára. Sjóðfélaga er þó heimilt að flýta töku lífeyris gegn skerðingu á réttindum og ennfremur að fresta töku lífeyris gegn aukningu á réttindum. Sjóðfélagi á rétt á örorkulífeyri ef hann verður fyrir orkutapi sem metið er 40% eða meira. Andist sjóðfélagi eiga eftirlifandi maki og börn rétt á lífeyri úr sjóðnum. Í samþykktum sjóðsins eru nánari ákvæði um ávinnslu réttinda. Sjóðurinn ábyrgist lífeyrisskuldbindingar sínar með eignum sínum. Árlega er gerð tryggingafræðileg athugun á stöðu sjóðsins. Í A-deild ábyrgjast launagreiðendur að greiða það iðgjald sem þarf til að standa undir skilgreindum réttindum deildarinnar, nú 11,5%, og getur því mótframlagið bæði hækkað eða lækkað eftir afkomu sjóðsins. Í V-deild hins vegar er skylt að auka eða skerða lífeyrisréttindi sjóðfélaga fari munur milli eigna og lífeyrisskuldbindinga sjóðsins fram yfir tiltekin mörk sem getið er um í samþykktum hans.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

Ársreikningurinn er í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Við gerð ársreikningsins er í öllum meginatriðum fylgt sömu reikningsskilaaðferðum og á fyrra ári. Ársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð.

Verðbréfaeign sjóðsins skiptist í verðbréf með breytilegum tekjum, verðbréf með föstum tekjum, veðlán og bundnar bankainnstæður. Skilgreiningar á framangreindri flokkun ásamt matsaðferðum sem beitt er við hvern lið fjárfestinga eru eftirfarandi:

- Verðbréf með breytilegum tekjum eru framseljanleg verðbréf svo sem hlutabréf, hlutdeildarskírteini og önnur slík verðbréf með breytilegum tekjum eða verðbréf sem háð eru afkomu útgefanda. Þau verðbréf með breytilegum tekjum sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði eru eignfærð á markaðsverði í árslok, en það telst vera verðið á síðasta skráningardegi ársins. Óskráð bréf eru metin á kaupverði eða áætluðu markaðsverði hvort sem lægra er.

- Verðbréf með föstum tekjum eru framseljanleg skuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum sem gefin eru út af lánastofnunum, opinberum aðilum eða öðrum félögum. Hér er átt við bréf sem t.d. eru bundin við vísitölu eða gengi gjaldmiðla hvort sem vextir eru fastir eða hafa tiltekna vaxtaviðmiðun. Verðbréf með föstum tekjum eru færð til eignar miðað við ávöxtunarkröfu þeirra á kaupdegi.

- Veðlán eru útlán til sjóðfélaga sem veitt voru gegn veði í fasteignum. Sjóðfélagabréf eru færð til eignar með áföllnum vöxtum miðað við vaxtakjör þeirra. Útlánaáhætta veðlána er metin óveruleg og því er ekki færð varúðarniðurfærsla.

- Varanlegir rekstrarfjármunir eru afskrifaðir um fastan árlegan hundraðshluta af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu.

Eignir og skuldir sem bundnar eru vísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar upp miðað við verðlag eða gengi í árslok.

Séreignardeild er gerð upp á daggengi og kennitölur við það miðaðar.

Tap vegna veðlána hafa verið óveruleg, auk þess sem vanskil eru nánast engin. Því er ekki talin nauðsyn á niðurfærslu vegna veðlána.

## 3. Lífeyrir

Lífeyrisgreiðslur sundurliðast þannig:

| | Sameignar-deildir | Séreignar-deild | Samtals 2006 | Samtals 2005 |
|---|---|---|---|---|
| Barnalífeyrir | 15.766.884 | 0 | 15.766.884 | 11.187.813 |
| Ellilífeyrir | 104.731.844 | 14.489.064 | 119.220.908 | 96.040.359 |
| Makalífeyrir | 9.119.119 | 0 | 9.119.119 | 6.257.229 |
| Örorkulífeyrir | 86.185.246 | 0 | 86.185.246 | 52.321.233 |
| | 215.803.093 | 14.489.064 | 230.292.157 | 165.806.634 |
| Meðal fjöldi lífeyrisþega | 719 | 32 | 751 | 478 |

## 4. Fjárfestingartekjur

Tekjur af eignarhlutum greinast þannig:

| | Sameignar-deildir | Séreignar-deild | Samtals 2006 | Samtals 2005 |
|---|---|---|---|---|
| Af innlendum hlutabréfum | 263.409.398 | 1.057.194 | 264.466.592 | 308.559.745 |
| Af erlendum hlutabréfum | (4.482.961) | 1.354.314 | (3.128.647) | (3.727.381) |
| | 258.926.437 | 2.411.508 | 261.337.945 | 304.832.364 |

Vaxtatekjur og gengismunur greinast þannig:

| | Sameignar-deildir | Séreignar-deild | Samtals 2006 | Samtals 2005 |
|---|---|---|---|---|
| Bankainnistæður | 146.580.112 | 6.887.492 | 153.467.604 | 107.785.098 |
| Dráttarvextir og innheimtuk | 3.928.167 | 0 | 3.928.167 | 3.477.638 |
| Erlend hlutdeildarskírteini | 1.088.474.266 | 25.191.801 | 1.113.666.067 | 365.203.026 |
| Erlend skuldabréf | 346.912.939 | 0 | 346.912.939 | 5.847.341 |
| Framvirkir samningar | (138.909.663) | 195.383 | (138.714.280) | 65.574.697 |
| Iðgjöld og kröfur | 1.677.782 | 0 | 1.677.782 | 1.582.584 |
| Innlend hlutdeildarskírteini | 237.689.427 | 59.826.236 | 297.515.663 | 188.979.848 |
| Innlend skuldabréf | 468.773.938 | 4.664.147 | 473.438.085 | 414.757.124 |
| Lántökugjöld | 9.366.114 | 0 | 9.366.114 | 10.335.450 |
| Veðlán | 333.089.071 | 0 | 333.089.071 | 190.130.033 |
| Aðrar tekjur | 0 | 1.414.230 | 1.414.230 | 1.066.892 |
| | 2.497.582.154 | 98.179.289 | 2.595.761.443 | 1.354.739.731 |

## 5. Verðbréf með breytilegum tekjum

Verðbréf með breytilegum tekjum greinast þannig:

| | Sameignar-deildir | Séreignar-deild | Samtals 31.12.2006 | Samtals 31.12.2005 |
|---|---|---|---|---|
| Innlendir verðbréfasjóðir | 3.388.159.246 | 357.062.519 | 3.745.221.765 | 3.691.928.157 |
| Erlendir verðbréfasjóðir | 5.455.632.301 | 212.324.796 | 5.667.957.097 | 3.305.795.053 |
| Innlend félög | 651.968.762 | 3.600.321 | 655.569.083 | 640.515.594 |
| Erlend félög | 5.063.958 | 25.200 | 5.089.158 | 69.385.417 |
| | 9.500.824.268 | 573.012.836 | 10.073.837.104 | 7.707.624.221 |

Hlutdeildarskírteini í innlendum verðbréfasjóðum greinast þannig:

| | Sameignar-deildir | Séreignar-deild | Samtals 31.12.2006 |
|---|---|---|---|
| ***Skráðir sjóðir:*** | | | |
| Glitnir hf. - Íslensk skuldabréf | 105.502.476 | 0 | 105.502.476 |
| Glitnir hf. - Löng ríkisskuldabréf | 1.026.875.411 | 0 | 1.026.875.411 |
| Glitnir hf. - Löng skuldabréf | 179.472.597 | 0 | 179.472.597 |
| Íslensk verðbréf hf. - Alþjóðlegur skuldabréfasjóður | 231.489.926 | 0 | 231.489.926 |
| Íslensk verðbréf hf. - Peningamarkaðssjóður | 208.150.494 | 0 | 208.150.494 |
| Kaupþing banki hf. - Alþjóða fasteignasjóðurinn | 14.152.500 | 0 | 14.152.500 |
| Kaupþing banki hf. - Einingarbréf 9 | 96.209.649 | 13.468.188 | 109.677.837 |
| Kaupþing banki hf. - Erlend skuldabréf | 0 | 1.000.748 | 1.000.748 |
| Kaupþing banki hf. - Fixed income | 0 | 2.305.656 | 2.305.656 |
| Kaupþing banki hf. - Hávaxtasjóður | 30.465.516 | 29.310.404 | 59.775.920 |
| Kaupþing banki hf. - ICEQ | 0 | 10.136.348 | 10.136.348 |
| Kaupþing banki hf. - ÍS-15 | 539.384.161 | 65.896.147 | 605.280.308 |
| Kaupþing banki hf. - Peningamarkaðssjóður | 42.356.738 | 22.769.261 | 65.125.999 |
| Kaupþing banki hf. - Ríkisverðbréfasjóður, langur | 813.386.414 | 212.153.282 | 1.025.539.696 |
| Kaupþing banki hf. - Skammtímasjóður | 0 | 22.485 | 22.485 |
| Kaupþing banki hf. - Úrvalsvísitölusjóður | 100.713.364 | 0 | 100.713.364 |
| | 3.388.159.246 | 357.062.519 | 3.745.221.765 |

Hlutdeildarskírteini í erlendum verðbréfasjóðum greinast þannig:

| | Sameignar-deildir | Séreignar-deild | Samtals 31.12.2006 |
|---|---|---|---|
| ***Skráðir sjóðir:*** | | | |
| Alliance - Global Growth Trends Fund | 204.381.484 | 0 | 204.381.484 |
| Alliance - Global Value Part A | 156.318.714 | 0 | 156.318.714 |
| Alliance - Technology Fund A | 1.469.040 | 0 | 1.469.040 |
| Altjoda Framtakssjodurinn Fund LP | 264.871.577 | 0 | 264.871.577 |
| Artemis Holding - USD Class | 52.618.959 | 0 | 52.618.959 |
| Axa Rosenberg - Japan Equity Alpha Fund | 64.565.175 | 0 | 64.565.175 |
| DWS Investment - China | 239 | 0 | 239 |
| Fidelity - Active Strategy Sicav Fund - Europe | 218.688.571 | 0 | 218.688.571 |
| Fidelity - European Aggressive Fund | 192.727.245 | 0 | 192.727.245 |
| Fidelity - European Growth Fund | 280.974 | 0 | 280.974 |
| Fidelity - European Mid Cap Fund | 220.694.715 | 0 | 220.694.715 |
| Gartmore Investment - Global Focus | 141.752.108 | 0 | 141.752.108 |
| Glitnir - Global Equities | 76.876.764 | 0 | 76.876.764 |
| JPMorgan Flemming - Global Dynamic Fund | 155.650.035 | 0 | 155.650.035 |
| JPMorgan Flemming - India Fund | 231.807 | 0 | 231.807 |
| JPMorgan Flemming - Japan Select Equity Fund | 96.304.188 | 0 | 96.304.188 |
| Kaupthing Liquity Fund EUR | 128.069.105 | 0 | 128.069.105 |
| Kaupþing banki hf. - Manager Selections Global Styles | 0 | 190.119.485 | 190.119.485 |
| Kaupþing SICAV Asian | 227.926.254 | 0 | 227.926.254 |
| Landsbanki Absolute Return Strategies | 71.751.301 | 0 | 71.751.301 |
| Legg Mason Global Funds Plc | 211.765.273 | 0 | 211.765.273 |
| Montanaro European Smaller Companies | 73.000.127 | 0 | 73.000.127 |
| Morgan Stanley - 09/12/29 | 15.620.445 | 0 | 15.620.445 |
| Pioneer Funds - Top European Players | 141.821.916 | 0 | 141.821.916 |
| Sparinvest - Global Value | 84.659.010 | 0 | 84.659.010 |
| State Street - North America Enhanced Fund | 630.595.821 | 0 | 630.595.821 |
| State Street - Pacific Enhanced Fund | 161.962.611 | 0 | 161.962.611 |
| Stryx Growth Equity Fund | 241.483.314 | 0 | 241.483.314 |
| Templeton Growth Fund | 602.549.057 | 0 | 602.549.057 |
| UBS - LUX Asian Technology | 624.027 | 0 | 624.027 |
| UBS - LUX Global Value Class | 105.611.802 | 9.973.152 | 115.584.954 |
| Vanguard - European Stock Index Inv | 77.227.755 | 0 | 77.227.755 |
| Vanguard - US Diskov. Fund | 62.843.943 | 0 | 62.843.943 |
| Vanguard - US Fundam. Fund | 139.153.019 | 0 | 139.153.019 |
| Vanguard - US Opp. Fund | 193.778.284 | 0 | 193.778.284 |
| W. P. Stewart Funds Plc | 119.678.828 | 0 | 119.678.828 |
| Wegelin Instl. Eqty Act Idx-c - Glitnir | 31.313.682 | 0 | 31.313.682 |
| | 5.168.867.170 | 200.092.637 | 5.368.959.807 |
| ***Óskráðir sjóðir:*** | | | |
| Health Holding S.A | 17.898.180 | 0 | 17.898.180 |
| Kaupþing - FX | 189.836.582 | 6.934.909 | 196.771.491 |
| Kaupþing - GIR Capital Investment | 79.030.370 | 5.297.250 | 84.327.620 |
| | 286.765.132 | 12.232.159 | 298.997.291 |
| | 5.455.632.302 | 212.324.796 | 5.667.957.098 |

Eignarhlutar í innlendum félögum greinast þannig:

| | Sameignar-deildir | Séreignar-deild | Samtals 31.12.2006 |
|---|---|---|---|
| ***Skráð félög:*** | | | |
| Actavis Group hf. | 47.196.928 | 0 | 47.196.928 |
| Atorka Group hf. | 5.624.320 | 0 | 5.624.320 |
| Bakkavör Group hf. | 56.282.063 | 0 | 56.282.063 |
| FL Group hf. | 43.656.944 | 0 | 43.656.944 |
| Flaga Group hf. | 3.170.200 | 0 | 3.170.200 |
| Glitnir hf. | 95.806.385 | 0 | 95.806.385 |
| Kaupþing banki hf. | 207.048.313 | 3.600.321 | 210.648.634 |
| Landsbanki Íslands hf. | 106.582.603 | 0 | 106.582.603 |
| Mosaic Fashions hf. | 10.369.469 | 0 | 10.369.469 |
| Straumur fjárfestingarbanki hf. | 57.197.959 | 0 | 57.197.959 |
| Exista hf. | 18.955.035 | 0 | 18.955.035 |
| | 651.890.219 | 3.600.321 | 655.490.540 |
| ***Óskráð félög:*** | | | |
| Eignarhaldsfélag lífeyrissjóða um verðbréfaþing ehf. | 78.553 | 0 | 78.553 |
| | 651.968.772 | 3.600.321 | 655.569.083 |

Eignarhlutar í erlendum félögum greinast þannig:

| | Sameignar-deildir | Séreignar-deild | Samtals 31.12.2006 |
|---|---|---|---|
| ***Skráð félög:*** | | | |
| Uppspretta Icelandic Capital Venture S.A. | 5.063.958 | 25.200 | 5.089.158 |
| | 5.063.958 | 25.200 | 5.089.158 |

## 6. Verðbréf með föstum tekjum

Verðbréf með föstum tekjum greinast þannig:

| | Sameignar-deildir | Séreignar-deild | Samtals 31.12.2006 | Samtals 31.12.2005 |
|---|---|---|---|---|
| Erlend skuldabréf | 328.134.552 | 0 | 328.134.552 | 109.412.664 |
| Húsbréf | 81.707.971 | 0 | 81.707.971 | 113.117.460 |
| Húsnæðisbréf | 27.368.544 | 0 | 27.368.544 | 37.416.442 |
| Íbúðabréf | 2.956.653.086 | 82.642.025 | 3.039.295.111 | 2.482.123.093 |
| Skuldabréf fyrirtækja | 1.951.609.933 | 15.309.645 | 1.966.919.578 | 739.439.901 |
| Skuldabréf lánastofnana | 2.146.802.352 | 5.482.300 | 2.152.284.652 | 1.397.472.104 |
| Skuldabréf sveitarfélaga | 357.224.426 | 0 | 357.224.426 | 354.891.201 |
| | 7.849.500.864 | 103.433.970 | 7.952.934.834 | 5.233.872.865 |
| Áætlað markaðsverð | 7.740.516.274 | 103.433.970 | 7.843.950.244 | 5.250.132.854 |

## 7. Veðlán

Veðlán greinast þannig:

| | 31.12.2006 | 31.12.2005 |
|---|---|---|
| Sjóðfélagar | 3.052.163.704 | 2.057.089.263 |
| Önnur veðlán | 364.496.517 | 385.151.043 |
| | 3.416.660.221 | 2.442.240.306 |

Ný veðlán á árinu greinast þannig:

| | 31.12.2006 | 31.12.2005 |
|---|---|---|
| Veitt veðlán til sjóðfélaga | 951.000.000 | 1.029.795.000 |
| Veitt önnur veðlán | 296.240.633 | 324.049.276 |
| | 1.247.240.633 | 1.353.844.276 |

## 8. Skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum

Fjárfestingar skiptast þannig eftir gjaldmiðlum, án gjaldeyrisvarna:

| | Sameignar- deildir | Séreignar- deild | Samtals 31.12.2006 | Samtals 31.12.2005 |
|---|---|---|---|---|
| Íslensk króna (ISK) | 16.202.483.463 | 516.984.207 | 16.719.467.670 | 12.893.294.623 |
| Bandaríkjadollar (USD) | 2.621.125.629 | 0 | 2.621.125.629 | 1.926.272.681 |
| Evra (EUR) | 2.307.865.262 | 208.783.827 | 2.516.649.089 | 956.969.971 |
| Aðrir gjaldmiðlar | 582.213.468 | 0 | 582.213.468 | 491.977.148 |
| | 21.713.687.822 | 725.768.034 | 22.439.455.856 | 16.268.514.423 |

## 9. Kröfur

Kröfur á launagreiðendur eru vegna óinnheimtra iðgjalda.

## 10. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður

Skipting skrifstofu- og stjórnunarkostnaðar milli fjárfestingargjalda og rekstrarkostnaðar er byggð á mati stjórnenda að 18% af rekstrarkostnaði sjóðsins sé vegna vinnu við fjárfestingar hans.

## 11. Rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

| | Tölvu-búnaður | Áhöld og innréttingar | Samtals 31.12.2006 | Samtals 31.12.2005 |
|---|---|---|---|---|
| Stofnverð | 22.084.859 | 8.738.912 | 30.823.771 | 29.636.971 |
| Afskrifað | (15.574.650) | (7.228.507) | (22.803.157) | (17.173.543) |
| Bókfært verð í ársbyrjun | 6.510.209 | 1.510.405 | 8.020.614 | 12.463.428 |
| Viðbót | 4.747.200 | 0 | 4.747.200 | 1.186.800 |
| Afskrifað | (5.366.412) | (1.310.837) | (6.677.249) | (5.629.614) |
| Bókfært verð í árslok | 5.890.997 | 199.568 | 6.090.565 | 8.020.614 |
| Afskriftarhlutföll | 20% | 15% | | 15% - 20% |

## 12. Þóknanir

Laun stjórnar greinast þannig:

| | 2006 |
|---|---|
| Elín Björg Jónsdóttir, stjórnarmaður | 615.840 |
| Garðar Hilmarsson, stjórnarmaður | 157.788 |
| Gunnar R. Sigurbjörnsson, stjórnarmaður | 615.840 |
| Halldóra Friðjónsdóttir, stjórnarmaður | 615.840 |
| Helga Jónsdóttir, stjórnarmaður | 458.052 |
| Jón G. Kristjánsson, framkvæmdastjóri | 10.340.441 |
| Karl Björnsson, stjórnarformaður | 694.734 |
| Kristbjörg Stephensen, stjórnarmaður | 157.788 |
| Sjöfn Ingólfsdóttir, stjórnarformaður | 687.078 |
| | 14.343.401 |

Þóknun til endurskoðanda greinist þannig:

| | 2006 |
|---|---|
| Endurskoðun ársreiknings | 2.056.742 |
| Innri endurskoðun | 641.964 |
| | 2.698.706 |

## 13. Tryggingafræðileg athugun

Tryggingafræðileg athugun miðað við lok árslok 2006 greinist þannig (í milljónum króna):

| *A deild:* | Áfallin skuldbinding | Framtíðar skuldbinding | Samtals 31.12.2006 | Samtals 31.12.2005 |
|---|---|---|---|---|
| Hrein eign til greiðslu lífeyris | 20.242 | 0 | 20.242 | 14.925 |
| Endurmat | 1.004 | 0 | 1.004 | 685 |
| Fjárfestingarkostnaður | (213) | 0 | (213) | (179) |
| Framtíðariðgjöld | 0 | 40.821 | 40.821 | 35.252 |
| *Eignir samtals* | 21.033 | 40.821 | 61.854 | 50.683 |
| Ellilífeyrir | 15.954 | 41.069 | 57.023 | 45.532 |
| Örorkulífeyrir | 1.807 | 4.463 | 6.271 | 5.219 |
| Makalífeyrir | 827 | 1.696 | 2.524 | 2.112 |
| Barnalífeyrir | 133 | 551 | 683 | 633 |
| Kostnaður | 192 | 907 | 1.098 | 998 |
| *Skuldbindingar samtals* | 18.913 | 48.685 | 67.598 | 54.494 |
| Eignir umfram skuldbindingar | 2.120 | (7.864) | (5.744) | (3.811) |
| Í hlutfalli af skuldbindingum | 11,2% | -16,2% | -8,5% | -7,0% |

| *V deild:* | Áfallin skuldbinding | Framtíðar skuldbinding | Samtals 31.12.2006 | Samtals 31.12.2005 |
|---|---|---|---|---|
| Hrein eign til greiðslu lífeyris | 1.900 | 0 | 1.900 | 1.226 |
| Endurmat | 94 | 0 | 94 | 56 |
| Fjárfestingarkostnaður | (18) | 0 | (18) | (14) |
| Framtíðariðgjöld | 0 | 8.802 | 8.802 | 5.032 |
| *Eignir samtals* | 1.977 | 8.802 | 10.778 | 6.300 |
| Ellilífeyrir | 1.510 | 7.588 | 9.098 | 5.203 |
| Örorkulífeyrir | 211 | 1.125 | 1.336 | 711 |
| Makalífeyrir | 40 | 214 | 254 | 165 |
| Barnalífeyrir | 6 | 93 | 100 | 65 |
| Kostnaður | 8 | 85 | 94 | 77 |
| *Skuldbindingar samtals* | 1.776 | 9.105 | 10.880 | 6.220 |
| Eignir umfram skuldbindingar | 201 | (303) | (102) | 80 |
| Í hlutfalli af skuldbindingum | 11,3% | -3,3% | -0,9% | 1,3% |

# Kennitölur LSS

| | 2006 | 2005 | 2004 | 2003 | 2002 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Ávöxtun** | | | | | |
| Nafnávöxtun | 15,1% | 11,5% | 9,3% | 12,4% | (0,4%) |
| Hrein raunávöxtun | 7,6% | 7,0% | 5,2% | 9,4% | (2,4%) |
| Hrein raunávöxtun (5 ára meðaltal) | 6,9% | 3,1% | (0,3%) | (1,3%) | (3,1%) |
| **Hlutfallsleg skipting fjárfestinga** | | | | | |
| Verðbréf með breytilegum tekjum, skráð | 43,6% | 46,8% | 44,1% | 44,6% | 46,9% |
| Verðbréf með breytilegum tekjum, óskráð | 1,3% | 0,5% | 0,7% | 3,0% | 2,3% |
| Verðbréf með föstum tekjum, skráð | 28,8% | 27,5% | 30,1% | 28,4% | 23,3% |
| Verðbréf með föstum tekjum, óskráð | 6,6% | 4,7% | 4,0% | 2,6% | 2,5% |
| Veðlán | 15,2% | 15,0% | 14,0% | 17,6% | 19,8% |
| Bankainnistæður | 4,4% | 5,4% | 7,1% | 3,9% | 5,2% |
| | 100,0% | 100,0% | 100,0% | 100,0% | 100,0% |
| **Hlutfallsleg skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum** | | | | | |
| Eignir í íslenskum krónum | 74,5% | 79,3% | 81,3% | 84,5% | 88,1% |
| Eignir í erlendum gjaldmiðlum | 25,5% | 20,7% | 18,7% | 15,5% | 11,9% |
| | 100,0% | 100,0% | 100,0% | 100,0% | 100,0% |
| **Fjöldi** | | | | | |
| Fjöldi þeirra sem áunnu sér réttindi á árinu | 20.286 | 18.268 | 17.919 | 16.548 | 15.899 |
| Meðaltal virkra sjóðfélaga | 9.283 | 9.879 | 9.274 | 8.066 | 7.143 |
| Meðaltal lífeyrisþega | 719 | 478 | 330 | 181 | 89 |
| **Hlutfallsleg skipting lífeyris** | | | | | |
| Barnalífeyrir | 6,8% | 6,7% | 8,6% | 13,1% | 17,8% |
| Ellilífeyrir | 51,8% | 57,9% | 51,1% | 31,2% | 22,7% |
| Makalífeyrir | 4,0% | 3,8% | 3,5% | 4,6% | 8,6% |
| Örorkulífeyrir | 37,4% | 31,6% | 36,8% | 51,1% | 50,9% |
| | 100,0% | 100,0% | 100,0% | 100,0% | 100,0% |
| **Rekstur** | | | | | |
| Rekstrarkostnaður í hlutfalli af hreinni eign | 0,2% | 0,3% | 0,4% | 0,5% | 0,8% |

# Kennitölur A deildar

| | 2006 | 2005 | 2004 | 2003 | 2002 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Ávöxtun** | | | | | |
| Nafnávöxtun | 15,0% | 11,3% | 9,2% | 12,2% | (0,2%) |
| Hrein raunávöxtun | 7,5% | 6,9% | 5,1% | 9,2% | (2,2%) |
| Hrein raunávöxtun (5 ára meðaltal) | 6,8% | 3,0% | (0,3%) | (1,9%) | (4,6%) |
| **Hlutfallsleg skipting fjárfestinga** | | | | | |
| Verðbréf með breytilegum tekjum, skráð | 42,4% | 45,8% | 43,1% | 44,6% | 46,9% |
| Verðbréf með breytilegum tekjum, óskráð | 1,3% | 0,5% | 0,7% | 3,0% | 2,3% |
| Verðbréf með föstum tekjum, skráð | 29,3% | 28,0% | 30,6% | 28,4% | 23,3% |
| Verðbréf með föstum tekjum, óskráð | 6,8% | 4,8% | 4,2% | 2,6% | 2,5% |
| Veðlán | 15,7% | 15,5% | 14,4% | 17,6% | 19,8% |
| Bankainnistæður | 4,4% | 5,4% | 7,1% | 3,9% | 5,2% |
| | 100,0% | 100,0% | 100,0% | 100,0% | 100,0% |
| **Hlutfallsleg skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum** | | | | | |
| Eignir í íslenskum krónum | 74,6% | 79,5% | 81,6% | 84,5% | 88,1% |
| Eignir í erlendum gjaldmiðlum | 25,4% | 20,5% | 18,4% | 15,5% | 11,9% |
| | 100,0% | 100,0% | 100,0% | 100,0% | 100,0% |
| **Fjöldi** | | | | | |
| Fjöldi þeirra sem áunnu sér réttindi á árinu | 13.252 | 13.009 | 12.430 | 10.929 | 10.068 |
| Meðaltal virkra sjóðfélaga | 8.118 | 7.843 | 7.469 | 6.718 | 5.871 |
| Meðaltal lífeyrisþega | 646 | 426 | 284 | 167 | 79 |
| **Hlutfallsleg skipting lífeyris** | | | | | |
| Barnalífeyrir | 7,1% | 7,0% | 8,7% | 13,8% | 18,5% |
| Ellilífeyrir | 49,1% | 56,0% | 49,1% | 21,3% | 15,8% |
| Makalífeyrir | 4,3% | 4,1% | 3,9% | 5,5% | 9,1% |
| Örorkulífeyrir | 39,5% | 32,9% | 38,3% | 59,4% | 56,6% |
| | 100,0% | 100,0% | 100,0% | 100,0% | 100,0% |
| **Fjárhagsstaða skv. tryggingafræðilegri úttekt** | | | | | |
| Hrein eign umfram heildarskuldbindingar | (8,5%) | (7,0%) | (7,9%) | (5,1%) | (6,3%) |
| Hrein eign umfram áfallnar skuldbindingar | 11,2% | 15,1% | 14,0% | 27,7% | 23,7% |
| **Rekstur** | | | | | |
| Rekstrarkostnaður í hlutfalli af hreinni eign | 0,2% | 0,3% | 0,4% | 0,5% | 0,8% |

# Kennitölur V deildar

| | 2006 | 2005 | 2004 | 2003 | 2002 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Ávöxtun** | | | | | |
| Nafnávöxtun | 15,9% | 11,7% | 8,9% | 13,2% | (0,5%) |
| Hrein raunávöxtun | 8,4% | 7,3% | 4,8% | 10,1% | (2,5%) |
| Hrein raunávöxtun (5 ára meðaltal) | 7,3% | 3,1% | (0,1%) | 2,4% | 0,5% |
| **Hlutfallsleg skipting fjárfestinga** | | | | | |
| Verðbréf með breytilegum tekjum, skráð | 42,4% | 45,8% | 43,1% | 44,6% | 46,9% |
| Verðbréf með breytilegum tekjum, óskráð | 1,3% | 0,5% | 0,7% | 3,0% | 2,3% |
| Verðbréf með föstum tekjum, skráð | 29,3% | 28,0% | 30,6% | 28,4% | 23,3% |
| Verðbréf með föstum tekjum, óskráð | 6,8% | 4,8% | 4,2% | 2,6% | 2,5% |
| Veðlán | 15,7% | 15,5% | 14,4% | 17,6% | 19,8% |
| Bankainnistæður | 4,4% | 5,4% | 7,0% | 3,9% | 5,2% |
| | 100,0% | 100,0% | 100,0% | 100,0% | 100,0% |
| **Hlutfallsleg skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum** | | | | | |
| Eignir í íslenskum krónum | 74,6% | 79,5% | 81,6% | 84,5% | 88,1% |
| Eignir í erlendum gjaldmiðlum | 25,4% | 20,5% | 18,4% | 15,5% | 11,9% |
| | 100,0% | 100,0% | 100,0% | 100,0% | 100,0% |
| **Fjöldi** | | | | | |
| Fjöldi þeirra sem áunnu sér réttindi á árinu | 6.370 | 4.808 | 4.652 | 4.684 | 4.976 |
| Meðaltal virkra sjóðfélaga | 2.233 | 1.585 | 1.413 | 1.348 | 1.272 |
| Meðaltal lífeyrisþega | 73 | 48 | 34 | 14 | 6 |
| **Hlutfallsleg skipting lífeyris** | | | | | |
| Barnalífeyrir | 15,4% | 13,7% | 18,6% | 40,8% | 21,8% |
| Ellilífeyrir | 24,4% | 24,2% | 39,7% | 13,6% | 51,6% |
| Makalífeyrir | 0,6% | 0,1% | 0,0% | 0,1% | 0,0% |
| Örorkulífeyrir | 59,5% | 62,0% | 41,7% | 45,6% | 26,6% |
| | 100,0% | 100,0% | 100,0% | 100,1% | 100,0% |
| **Fjárhagsstaða skv. tryggingafræðilegri úttekt** | | | | | |
| Hrein eign umfram heildarskuldbindingar | (0,9%) | 1,3% | 1,9% | 4,5% | 0,1% |
| Hrein eign umfram áfallnar skuldbindingar | 11,3% | 9,3% | 7,7% | 17,7% | 11,4% |
| **Rekstur** | | | | | |
| Rekstrarkostnaður í hlutfalli af hreinni eign | 0,2% | 0,3% | 0,4% | 0,5% | 0,6% |

# Kennitölur S deildar

| | 2006 | 2005 | 2004 | 2003 | 2002 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Leið 1** | | | | | |
| **Ávöxtun** | | | | | |
| Nafnávöxtun | 13,7% | 17,1% | 15,5% | 16,3% | (5,7%) |
| Hrein raunávöxtun | 7,5% | 12,4% | 11,2% | 13,2% | (7,6%) |
| Hrein raunávöxtun (5 ára meðaltal) | 7,3% | 6,4% | 2,0% | 3,2% | 1,2% |
| **Hlutfallsleg skipting fjárfestinga** | | | | | |
| Verðbréf með breytilegum tekjum, skráð | 80,5% | 83,1% | 80,0% | 78,1% | 67,0% |
| Verðbréf með breytilegum tekjum, óskráð | 2,0% | 1,3% | 1,1% | 1,2% | 0,0% |
| Verðbréf með föstum tekjum, skráð | 17,6% | 15,6% | 18,9% | 18,6% | 30,0% |
| Verðbréf með föstum tekjum, óskráð | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% |
| Bankainnistæður | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 2,1% | 3,0% |
| | 100,0% | 100,0% | 100,0% | 100,0% | 100,0% |
| **Fjöldi** | | | | | |
| Fjöldi þeirra sem áunnu sér réttindi á árinu | 501 | 428 | 764 | 753 | 703 |
| Meðaltal virkra sjóðfélaga | 411 | 343 | 319 | - | - |
| **Leið 2** | | | | | |
| **Ávöxtun** | | | | | |
| Nafnávöxtun | 8,6% | 8,3% | 14,0% | 13,3% | (5,7%) |
| Hrein raunávöxtun | 3,2% | 4,0% | 9,7% | 10,3% | 8,4% |
| Hrein raunávöxtun (frá stofnun) | 7,1% | 8,1% | 9,5% | 9,4% | - |
| **Hlutfallsleg skipting fjárfestinga** | | | | | |
| Verðbréf með breytilegum tekjum, skráð | 99,3% | 99,2% | 99,1% | 98,3% | 86,3% |
| Verðbréf með breytilegum tekjum, óskráð | 0,7% | 0,8% | 0,9% | 0,7% | 0,0% |
| Verðbréf með föstum tekjum, skráð | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 11,3% |
| Verðbréf með föstum tekjum, óskráð | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% |
| Bankainnistæður | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 1,0% | 2,4% |
| | 100,0% | 100,0% | 100,0% | 100,0% | 100,0% |
| **Fjöldi** | | | | | |
| Fjöldi þeirra sem áunnu sér réttindi á árinu | 103 | 92 | - | - | - |
| Meðaltal virkra sjóðfélaga | 89 | 69 | 36 | 111 | 47 |
| **Leið 3** | | | | | |
| **Ávöxtun** | | | | | |
| Nafnávöxtun | 7,5% | 8,9% | 10,3% | 10,0% | 7,5% |
| Hrein raunávöxtun | 2,2% | 4,6% | 6,1% | 7,1% | 5,6% |
| Hrein raunávöxtun (frá stofnun) | 5,1% | 5,8% | 6,3% | 6,3% | - |
| **Hlutfallsleg skipting fjárfestinga** | | | | | |
| Bankainnistæður | 100,0% | 100,0% | 100,0% | 100,0% | 100,0% |
| **Fjöldi** | | | | | |
| Fjöldi þeirra sem áunnu sér réttindi á árinu | 60 | 59 | - | - | - |
| Meðaltal virkra sjóðfélaga | 50 | 45 | 37 | 71 | 45 |